

Tómas Tryggvason jarðfræðingur

- Æska, nám og störf



Þegar greinarhöfundur sá hið mikla óbirta gagnamagn úr fórum Tómasar jarðfræðings, varð honum ljóst að það yrði að varðveita og varpa ljósi á meginefni þess. Tómas var einn þriggja íslenskra námsmanna sem hófu háskólanám í jarðfræði snemma á fjórða áratug 20. aldar og luku því. Hinir tveir voru Guðmundur Kjartansson og Sigurður Þórarinnsson. Áður hafði aðeins einn Íslendingur, Helgi Pjeturss, lokið háskólaprófi í jarðfræði sem aðalgrein frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1897. Tómas lauk doktorsnámi við Uppsalaháskóla 1943 (fil.lic) með ritgerðinni „Das Skjaldbreið-Gebiete auf Island“. Eftir það starfaði hann hjá Elektrisk Malmletning í Stokkhólmi til ársins 1946.¹

Frá því að Tómas og hinir tveir luku námi hafa orðið miklar byltingar þekkingaarsviði jarðfræðinnar þar sem segulstefna storkubergs og helmingunartími geislavirkra efna koma við sögu. C14 aldursgreining á lífrænum leifum var almennt viðurkennd fyrir 1960 og nokkru síðar höfðu kalíum argon mælingar á bergi gert mögulegt að aldursgreina storkuberg. Við slíkar mælingar reyndust elstu basalhraunlög hérlandis ekki ná nema 16 milljón ára aldri. Slíkt berg í nágrannalöndum svo sem Færeyjum, Grænlandi, Skotlandi og Írlandi er þrisvar til sex sinnum eldra. Þessi nýja þekking skaut stoðum undir kenningu Wegeners um landrek. Sú kenning endurbætt, *flekakenningin*, byggðist meðal annars á því að yngsta bergið er ávallt næst meginsprungum úthafanna. Sprunga Atlantshafsins liggur um Ísland, sem telst einn heitu reitanna á því sprungukerfi.

Tómas lést þann 30. september 1965 aðeins 58 ára að aldri. Kerstin, ekkja Tómasar, varðveitti gögn hans til dánardægers 17. maí 2014. Síðan lentu þau í vörslu Haralds sonar þeirra og eru nú varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Þessi gögn, einkum tvær vinnubækur Tómasar nefndar A og B, eru grunnheimildir við samningu þessarar greinar, auk ljósmynda. Tilvísanir til þeirra heimilda eru því aðeins hafðar við fyrstu notkun þeirra. Þá er bréfasafn hans einnig mikilvæg heimild.



Hjónin Kerstin (Jancke) og Tómas Tryggvason.²

UPPVÖXTUR OG SKÓLAGANGA

Tómas, oftast nefndur Tumi af kunnugum, fæddist 26 apríl 1907 á Halldórsstöðum í Bárðardal, Foreldrar hans voru Tryggvi Valdimarsson og María Tómasdóttir bændur þar. Tómas var næst yngstur fimm systkina. Veturinn 1922–1923 var Tómas nemandi í framhaldsskóla á Breiðumýri í Reykjadal sem var forveri héraðsskólans á Laugum í sömu sveit.^{3,4} Vorið 1928 lauk hann prófi frá eldri deild þess skóla, en samkvæmt árskýrslu var hann aðeins í skólanum frá áramótum.⁵

Árið 1925 fluttist Tómas með fjölskyldu sinni til Engidals á Fljótshéiði í sama hreppi. Þar vann hann við byggingu steinsteypts íbúðarhúss austan Engilækjar. Nýja húsið var tekið í notkun árið 1927, en föðursystkini Tómasar og fleiri bjuggu þó í gamla bænum á vesturbakka Engilækjar til ársins 1932.

Tryggvi, faðir Tómasar, hafði annast grenjavinnslu í sveitinni en þegar heilsu hans hrakaði fór Tómas að taka við þeim störfum. Síðar mun Tómas hafa samið við sveitarstjórnina um grenjavinnsluna. Það verkefni var unnið snemma sumars og gat Tómas sinnt því verki þrátt fyrir skólavist sína allt til sumarsins 1934 og jafnvel 1935. Greidd voru daglaun fyrir grenjavinnsluna, nær hin sömu og daglaun karlmanns á þeim tíma, og því ekki mikill gróðavegur. Hins vegar var loðdýraeivintýrið hið fyrra þá í fullum gangi svo efnilegir læduyrðlingar sem náðust lifandi voru verðmiklir. Einn slíkur gat selst fyrir mánaðarlaun karlmanns.

Haustið 1925 var keypt ný Kongsberg-haglabyss 16 kalibera, á 155 kr og nokkrar haglapatrónur sem kostuðu 30 aura stykkið. Byssan var góð til fuglaveiða og ófáar rjúpur fallið fyrir henni. Tómas mun hafa verið mikilvægur liðsmaður við búrekstur og framkvæmdir

í Engidal eftir flutning fjölskyldu hans þangað árið 1925. Tryggvi, faðir hans, var mjög nákvæmur um búreksturinn og viðskiptin við börn sín. Ætla má að dagvinnukaup karlmanns hafi þá verið um 10–12 krónur fyrir 10 klukkustunda vinnu.⁶

Í febrúar 1930 er Tómas kominn til Akureyrar í þeim tilgangi að taka þar gagnfræðapróf utanskóla. Hinn 19. þess mánaðar svarar Arnór Sigurjónsson, skólastjóri á Laugum, bréfi hans þaðan. Af bréfi Arnórs má skilja að Tómas óttist að hann nái ekki gagnfræðaprófinu með fyrstu einkunn, sem var skilyrði til inngöngu í menntaskólann. Arnór er jákvæður í bréfi sínu og ber lof á greind og þrautseigju Tómasar. Helst varar hann Tómas við skorti á áræðni og of mikilli gætni á stundum. Orðrétt skrifar Arnór: „Ég hef þá skoðun á þér, að þú sért raunar heldur lítill prófmaður. Það er þó hvorki fyrir skort á þreki eða gáfum, heldur fyrir það að þú hefur ekki lært nóg samlega að flýta þér að hugsa, og svo hættir þér til að standa álengdar og horfa á sjálfan þig, þegar þú ert að taka próf eða ætlar þér að standast aðra slíka raun. Það er óvani, sem erfitt er að venja af sér og er þó hægt með nokkurri gát.“⁷ Arnór hefur greinilega verið nokkuð áhrifamikill um vegferð Tómasar á yngri árum. Meðal annars semur Tómas með aðstoð hans greinargerð um Fljótshéiði og byggðina þar.⁸

Tómas stóðst prófraunina við Menntaskólann á Akureyri og hóf nám í fjórða bekk þá um haustið. Stúdentsprófi lauk hann frá MA vorið 1933 með góðum árangri. Varð hann næstefstur og fékk námsstyrk til jarðfræðináms við Kaupmannahafnarháskóla þá um haustið. Tómas sagði síðar að stúdentsprófið og byssan hefðu gert sér upphaf háskólanámsins mögulegt



Sexhólagil í Vallafjalli skammt norðan Litlu-Valla í Bárðardal. Í baksýn Skjálfadafljót og vesturhlíð Fljótsheiðar. Mennirnir á myndinni eru sennilega Lauge Koch, með hattinn, og Tómas nokkru fjær. Koch stendur undir neðsta þrepi klettadrangs sem heimamenn nefna Karlinn. Ljós.: Tómas Tryggvason

og mun þá haft í huga námsstyrkinn og tekjurnar af grenjavinnslu og rjúpnaveiðum.⁹ Vorið 1934 var Tómas kominn heim til Akureyrar í upphafi júnímánaðar og hafði þá eignast myndavél. Þaðan fór hann til Dalvíkur og tók nokkrar ljósmyndir sem meðal annars sýna skemmd hús þar eftir jarðskjálftann mikla, sem þar varð 2. júní það ár. Þá tók hann nokkrar myndir á heimaslóðum af grenjavinnslu og fleiru. Sumarið 1935 kom Tómas einnig til Íslands. Hinn 15. júlí var hann í för með öðrum fræðimönnum frá Akureyri til Fosshóls við Skjálfandafljót. Þar yfirgaf hann hópinn og hélt á heimaslóð.¹⁰ Í ágúst það sumar urðu breytingar á námsferli Tómasar. Danski athafna- og fræðimaðurinn Lauge Koch beitti sér fyrir rannsóknunum á náttúru Íslands. Hann réð þekktan erlenda fræðimenn til starfans, svo sem svissnenska prófessorinn Richard A. Sonder og sænska bergfræðinginn Helge G. Backlund prófessor við Uppsalaháskóla. Guðmundur Kjartansson, þá jarðfræðinemi, hafði verið ráðinn sem aðstoðarmaður Sonders og þann 15. ágúst sumarið 1935 var Tómas ráðinn til aðstoðar við Backlund. Laun þessara aðstoðarmanna munu hafa verið ágæt eða 250 krónur á mánuði til allt að tveggja eða þriggja ára. Daglaun verkamanns á Íslandi það árið munu sennilega hafa verið 9 - 12 kónur, sömu og tíu árum áður, en verðbólga vegna heimskreppunnar var mikil milli 1930 og 1940 svo hver króna varð mun rýrari til innkaupa. Samhliða þessu starfi gat Tómas stundað ýmsar rannsóknir, svo sem á Reykjanesi, við Þingvelli og Skjaldbreið. Rannsóknir á Skjaldbreiðarhrauni og fleiri hraunum þar urðu höfuðverkefni hans til lokaprófs frá Uppsalaháskóla árið 1943. Sumrin 1935 og 1936 var Backlund við bergfræðirannsóknir með

aðstoð Tómasar á Íslandi. Backlund mun þá hafa verið einn færasti bergfræðingur á Norðurlöndum. Samskipti Tómasar við hann hafa trúlega opnað honum leiðina til Uppsalaháskóla því þangað var hann kominn í upphafi októbermánuðar 1935 og var þá lokið námi hans við háskólann í Kaupmannahöfn. Í jarðfræðinni sérhæfði Tómas sig í bergfræði og varð fyrsti íslenski jarðfræðingurinn með sérþekkingu á því sviði. Námsaðstæður við háskólann í Höfn í þeirri grein munu hafa verið lélegri heldur en í Uppsölum. Því og öðrum aðstæðum í Uppsölum lýsir Tómas í bréfi til foreldra sinna rituðu þaðan.¹¹ Ljóst er að þær launagreiðslur, sem Lauge Koch var frumkvöðull að, hafa létt þeim Tómasi og Guðmundi mjög námskostnað sinn. Tómas og Guðmundur leiðbeindu hinum erlendu fræðimönnum um sunnan- og vestanvert landið síðsumars 1935. Tómas aðstoðaði þá Sonder í tjaldútilegu á Hengilssvæðinu. Þar veiktist Sonder af botnlangabólgu en gat staulast með aðstoð Tómasar til Kolviðarhóls og þaðan var hann fluttur í sjúkrahús til uppskurðar í Reykjavík.¹² Guðmundur fór utan til Kaupmannahafnar snemma í september en Tómas fylgdi Lauge Koch norður á sínar æskustöðvar þar sem þeir komu meðal annars í bifreið til Engidals.¹³

Sumarið 1936 fóru rannsóknirnar fram á Suðvesturlandi, í Krísuvík og víðar. Lauge Koch lenti í málaferlum vegna misnotkunar á heimildum við útgáfu bókar um náttúrufræði Grænlands. Því máli tapaði hann fyrir dönskum dómstóli í upphafi árs 1937. Eftir það kom hann ekkert að Íslandsrannsóknum. Laun sín fengu þeir Tómas og Guðmundur þó sennilega til sumars 1938.¹⁵



Ljósmynd Tómasar frá Krísuvík um miðjan júlí 1936. Kirkjan gamla, þá afhelguð, sést í hægri myndkanti. Með í för voru Sonder, Backlund, Guðmundur Kjartansson o.fl.¹⁴ Ljós.: Tómas Tryggvason

LEIÐSÖGN TÓMASAR FYRIR ÞÝSKA VÍSINDAMENN SUMARIÐ 1938

Vorið 1938 byrjar Tómas vinnubókarskrif. Þau hefjast með lýsingu á vinnuferð um Bergslagen og Dali í Svíþjóð dagana 2. til 7. maí. Backlund prófessor var leiðtogi fararinnar og samtals voru þátttakendur 30, flestir frá Kaupmannahöfn. Meðal þeirra voru þrír Íslendingar, þeir Guðmundur Kjartansson, Guðmundur Þorláksson og Guðni Guðjónsson. Lýsingin fyllir fyrstu 28 bls. vinnubókarinnar og þar er borið mikið lof á Backlund og leiðsögn hans.¹⁶

Lýsingin á leiðsögn Tómasar fyrir þýsku vísindamennina og aðdraganda hennar tekur þar við á bls. 31-94. Blaðsíðutölum bókarinnar lýkur þá en Tómas notar hana sem vinnubók við sumarannsóknir í Svíþjóð árin 1939-1942.

Aðdragandi leiðsagnar fyrir þá þýsku var sá að Tómas fékk bréf frá prófessor O. Niemczyk dagsett 25. apríl 1938 og svaraði því bréfi þann 30. sama mánaðar. Tómas hafði sótt um styrk hjá Íslenskum ráðamönnum til bauxit-rannsókna á Vestfjörðum síðla árs 1937 en ekki fengið svar við þeirri umsókn. Í upphafi bréfs síns nefnir Niemczyk mag. scient Steinþór Sigurðsson, fyrrum kennara Tómasar við MA, sem mun hafa bent honum á Tómas. Samningar náðust um leiðsögn Tómasar, kaup og ferðakostnað. Þann 7. júní hitti Tómas Þjóðverjana sex í Kaupmannahöfn. Það voru O. Niemczyk frá Berlín, E. Ansel frá Freiburg, Bernauer frá Berlín, F. Emschermann frá Berlín, A. Schleusener frá Hannover og stúdent Ansel sonur áður nefnds E. Ansels. Þann 27. júlí bættist síðan eiginkona Schleuseners í hópinn. Þann 8. júní sigldi Drottning Alexandrine frá Kaupmannahöfn og til Reykjavíkur var komið um hádegi þann 13. Þar var ekki gerður

langur stans því siglt var þaðan kl. 8 þá um kvöldið. Tómas hitti þar samt nokkra kunningja og frétti að rannsóknarstyrkinn hefði hann fengið. Til Akureyrar var komið að kvöldi þess 15. með viðkomu á Ísafirði og Siglufirði. Í siglingunni um Vestfirði nefnir Tómas hversu Þjóðverjarnir hefðu hrifist af berglögnum sem við blöstu. Dvalist var dagstund á Ísafirði og þann tíma nýttu hinir þýsku til að ganga á fjöll þar. Tómas notaði hins vegar tímann til að hitta kunningja á staðnum og þótti hinum þýsku vísindamönnum hann ekki sinna leiðsögninni vel. Tómas skráir í vinnubókina að slíkt muni hann ekki láta gerast aftur. Á Siglufirði var þoka og ekkert útsýni til fjallgöngu. Þar kannaði Tómas hins vegar grjótnámu ásamt Bernauer til að leita að seolítum. Þótti Tómasi Bernauer bæði fróður og skemmtilegur. Að kvöldi þess 15. júní mætti Tómas á fund í Stúdentafélagi Akureyrar. Þar var nýstúdentum fagnað og einnig því að 10 ár voru frá því að fyrst voru útskrifaðir stúdentar eftir nám í MA. 16. júní var annasamur vegna undirbúnings og innkaupa þar sem Tómas þurfti að aðstoða alla leiðangursmennina. Það gekk allt upp en þreyttur mun Tómas hafa verið þá um kvöldið.

Hér birtist orð- og stafrétt vinnubókarfærsla Tómasar, tvær undantekningar í svigum: „17. júní Farið í bílum til Skútustaða og þaðan aftur til Akureyrar. Ákveðið var á þessu stigi að hafa bækistöðvar að Skógum í Fnjóskadal, Fosshóli við Goðafoss, Máskoti innst við austanverðan Reykjadal og í Reykjahlíð við Mývatn. (Niðurstaðan varð þó sú að í Mývatnssveit urðu Vogar aðalstaðurinn). Þeir (hinir þýsku) álíta gilið neðan við Goðafoss hraungjá. Brunnir hólar við Djúpárós líkjast mjög gígum til að sjá, enda svo merktir á korti Thoroddsens. Slóum sundur bombu við Mývatn. Kjarninn venjulegt basalt með stórum



Ford Eifel bifreið Þjóðverjanna við Námaskarð. Þeir reyna að draga kerruna að bílnum. Sá sem stendur næstur kerrunni er sennilega Niemczyk leiðangursstjóri. Fjærst í baksýn til hægri sést til Bláfjalls. Ljós.: Tómas Tryggvason

feltsp.-kristöllum, en húðin rauð, sprungin og fínkornuð. Bernauer: Bomban sekunder, hraunmoli hefir fallið í bráðna leðjuna, kantarnir hafa étizt af honum, og svo hefur hann kastast út aftur með dálítið af hraunleðju, sem hefur storknað á honum í fluginu. Í annarri bombu sá ég hol mitt í kjarnanum. Hvernig hefur það hol orðið til öðruvísi en við centerfugering bráðins massa? Að vísu voru einnig í þeirri bombu stórir fälspatr. En þeir gætu hæglega verið telluriskir. 18. júní. Farið beina leið til Skútustaða og þar borðaður hádegisverður. Hólarnir umhverfis skoðaðir. Líparítaskan liggur ekki ofan á hólunum í jarðlaginu, en leifar af henni eru í gjallhaugunum. Ergo eru hólarnir yngri en líparítaskan og eru þeir þó eldri en byggð landsins. – Skútustaðir hafa þó verið byggðir síðan á dögum Víga-Skútu. “Rétt er að hafa í huga að myndun þeirra gíga var ekki þekkt þá og talið að slíkir gígar s.s við Skútustaði gætu mögulega hafa orðið til við einhverskonar flatargos.

Frá Skútustöðum var haldið til Dimmuborga og þær skoðaðar. Þá var farið til Reykjahlíðar. Þar var tekin ákvörðun um gistingu á Skútustöðum og panta öflugan boddibíl frá Akureyri til aksturs að Jökulsá á Fjöllum daginn eftir. Ekki komust þeir nema hálfa þá leið. Farið var aftur til Akureyrar að kvöldi 19. júní. Eftir ýmis undirbúningsverk á Akureyri fóru fjórir leiðangursmanna, þeir Tómas, Niemczyk, Emschermann og Bernauer, til Skóga í Fnjóskadal þann 20. júní. Þeir höfðu fengið skólahúsið til afnota um sumarið og þar voru aðalstöðvar þeirra næsta mánuð. Frá Skógum voru rannsóknir stundaðar einkum frá Akureyri um Vaðlaheiði, framanverðan Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Bárðardal og Fljótsheiði. Þríhyrningamælivörður danska herforingjaráðsins frá upphafi 20. aldar voru nýttar sem grunnpunktar þegar mældar

voru fjarlægðir á milli merktra mælipunkta á yfirborði jarðar.

21. júní var þoka á fjöllum og regnskúrir. Tómas og Bernauer könnuðu brekkuna austan Fnjóskár gegnt Nesi. Þar fundu þeir lausan sandstein í láréttum lögum sem þeir álitu botnfall í vatni. Þetta munu vera minjar jökullóns sem fyllti Fnjóskadal með afrennsli yfir Flateyjarðalsheiði í 183-204 metra hæð.¹⁷ Þær strandlínur eru víða auðséðar beggja vegna í hlíðum dalsins svo sem við Vagli og Skóga. Næstu daga skoðuðu þeir þetta svæði betur. Þar í voru þrír Hálshnjúkar sem þeir töldu hugsanlega vitna um mikið landsig. Í norðurhlíðum Ljósavatnsskarðs töldu þeir einnig sjást merki um brotalínur.

Föstudaginn 24. júní var ekið til Ljósavatns. Þar skráir Tómas margt svo sem um gíga og móhellu sem rétt er að birta hér staf- og orðrétt: „Skoðaðir gígar á Ljósavatnsmóum. Gígarnir í þrem þyrpingum, allir fremur smáir og eru sennilega hornitós eða til orðnir við gufusprengingar er hraun hefur runnið út í vatn eða votlendi. Í námunda móhelluflög og liggja hraunmolar á víð og dreif ofan á móhellunni og eru sumstaðar dálítið grafnir ofan í hana. Sumstaðar, einkum þar sem stórir hraunmolar liggja ofan á móhellunni, eru efstu lög hennar rauðbrunnin. Hraunmolarnir munu helst vera bombur, sem hafi kastast úr gígnum út í vatnið og grafið sig niður í móhelluna sem þá hefur verið mjúkur sandur. Ef til vill hefur eitthvað af móhellunni myndast eftir að hraunið rann. Gígarnir við Djúpárós eru stærstir og brunnir mjög. Þar gæti verið um að ræða primera gíga. Móhellan liggur að nokkru leyti ofan á gjallinu. Ég þarf að athuga nánar, hvort eitthvað af þeirri móhellu er gjallfrítt. Tölvvert af móhellunni er nefnilega yngri en gígarnir og blandað gjalli.“

Síðar skrifar Tómas að allt þetta hraun sé



Bæjarhús og tún á Stórutjörnum er næst á mynd til vinstri og norðurhlíð Ljósavatnsskarðs þar fjær. Fjarst í bakgrunni til vinstri við miðja mynd má sjá Vaðlaheiði lækka til Víkurskarðs. Ljós.: Tómas Tryggvason

feldspatríkt og minni því á hraunið sem liggur eftir endilöngum Bárðardal. Í þessari skráningu er Tómas nærri hinu rétta um myndun gervigíga sem orðið hafa til þegar hraun rann út í þáverandi Ljósavatn nokkru eftir lok síðasta jökulskeiðs ísaldar. Guðmundur Kjartansson setti fyrstur jarðfræðinga á heimsvísu fram rétta hugmynd um myndun móbergsfjalla. Þar bendir Guðmundur á að gasþrýstingur hrauns verður minni þess lengra sem það rennur frá gosstað.¹⁸ Þetta getur átt við um Bárðardalshraunið sem er dyngjuhraun runnið frá Trölladyngju trúlega fyrir 8.000 árum um 100 km til Ljósavatns. Við rennsli þess í vatnið hafa orðið til gervigígar, brotaberg (splundraðir bólstrar) og glerkenndur basaltsandur sem myndaði þá móhellu sem Tómas lýsir í vinnubók sinni.

Frá Djúpárósi gengu þeir félagar, Tómas og sennilega dr. Bernauer, upp gilið sunnan Vatnsenda upp á fjallsmúlann vestan gilsins. Niður mun leiðin hafa legið hjá býlinu Kambsstöðum. Í þeirri göngu mun ljósmyndin hér að ofan hafa verið tekin.

Næstu dagar fóru í frekari skoðun og mælingar á þessu svæði. Hugmyndin um lóðrétta hreyfingu Hálshnjúka kemur þar mjög við sögu. Þá voru settir út nýir mælipunktar svo sem á Fornastaðafjalli. Þr. Bernauer fór af stað til Reykjavíkur 29. júní og hélt þaðan austur að Eldgjá og Laka. Þann 30. var haldið í austurátt. Merki var sett á Engivatnsás á Fljótsheiði og þaðan ekið til Narfastaða í Reykjadal. Merki var sett í þríhyrningsvörðuna á Narfastaðafelli skammt frá vegslóðanum sem liggur þar til Stafnsbæjanna.

Föstudaginn 1. júlí fylgdi Indriði bóndi í Skógum þeim Tómasi og Þjóðverjunum Niemczyk og Emschermann á hestum að Lundi og þaðan á Háafell sem er fjalla hæst á svæðinu milli Bárðardals og Fnjóskadals 918m. Þar er ein þríhyrningsmælivarðan á toppnum og glæsileg útsjón til allra átta. Kvaðst Niemczyk aldrei hafa séð svo fallett panorama, hvorki

í Ölpunum né Skandinavíu. Sett var mælimerki í vörðuna. Þann 2. júlí fékk Tómas heimfararleyfi og akstur til Fosshóls. Tvö merkiprik tók hann með sér til að setja í vörður á Arndísarstaðabungu og Sandfelli. Svo vel vildi til að á Fosshóli var Sigurður Baldursson á Lundarbrekku á heimleið á Ford vörubifreið sinni H-12. Sú bifreið fór fyrst bifreiða í Engidal.¹⁹ Tómas fékk því bílferð inn austanverðan Bárðardal. Á leiðinni aðstoðaði Sigurður Tómas við að koma merki í vörðuna á Arndísarstaðabungu. Eftir gistingu á Halldórsstöðum fór Tómas upp í Engidal. Þann 4. júlí fylgdi Páll mágur hans og Engidalsbóndi honum til Gautlanda og aðstoðaði við að setja merki í vörðuna á Sandfelli. Hafa skal í huga að tvö Sandfell koma fyrir sem mælistaðir í rannsókn Þjóðverjanna. Það sem hér er nefnt er á Mývatnsheiði vestan Gautlanda og annað skammt austan Námaskarðs við gömlu Þjóðleiðina að Jökulsá á Fjöllum.

Dagana þar á eftir var unnið við mælingar eftir því sem veður leyfði. Þann 6. júlí fór Tómas ásamt tveim Þjóðverjanna til gravimetriskra (þyngdar-) mælinga á Engivatnsási á Fljótsheiði. Mælirinn var fluttur á hesti og varð að gæta fyllstu varúðar þar sem sá mælir þoldi illa snarpar hreyfinga svo sem í mólendi og þó einkum íhlaup í mýrum. Dagana 7. og 8. reyndist unnt að ljúka mælingum á Vaðlaheiði og Háafelli. Í Háafellsförlinni fann Tómas hvíta steina og svo „svo mjúka að skrifa mátti með þeim eins og krít. Steinar þessir verða að bíða nánari rannsókna“ skrifar Tómas.

Þann 9. júlí fluttu þeir Ansel og Schleusener með megnið af farangrinum austur í Voga. Næstu daga var unnið að mælingum einkum í og við Ljósavatnsskarð. Tómas skrápp eina ferð til Mývatns, skoðaði Vindbelgjarfjall og setti þar niður mæliprik. „Belgjarfjall virðist mér vera eldfjall frá ísöldinni. Það er að mestu byggt upp úr palagoníti, en hér og þar glittir í dökkt basalt“ skrifar Tómas. Rétt er að



Systurnar Björg og Sigríður Aradætur í Máskoti á hestbaki. Íbúðarhúsið t.h. og Narfastaðafell að baki. Ljós.: Tómas Tryggvason

hafa í huga að þar sem skráð er fjöll úr palagoníti í vinnubók Tómasar er átt við móbergsfjöll. Sú viðbótarlýsing að þar glitti í dökkt basalt vísar til bergæða í móbergsdyngjunni þar sem hraunkvikan hefur náð að storkna án snertingar við bræðsluvatn jökulskálarinnar.

Þann 17. júlí kom Bernauer aftur úr suðurför sinni. Hann hafði dvalið fjóra daga á hvorum stað, Eldgjá og Laka, tekið fjölda mynda og þótti vel hafa til tekist. Skógar voru yfirgefnir þann 22. júlí og flutt í Máskot og Voga. Rannsóknir og mælingar voru þá hafnar á fullu á austurhluta svæðisins.

Dagana 23.-31. júlí er unnið við að ákveða og setja upp mælipunkta á ásana austan Máskots, umhverfis Mývatn og allt austur að Jökulsá á Fjöllum. Tómas byrjar á að setja merki upp á Hverfjall. Af Hlíðarfjalli segir Tómas útsýnið frábært og til suðurs sjáist merki um gamlar jarðsprungur. Þann 27. júlí og næstu daga koma Illugi Jónsson og vörubifreið hans H- síðar Þ-10 oft við sögu. Þjóðverjarnir hrifust mjög að nákvæmni Illuga og stundvísí og líktu honum jánbrautarlest, Zug á þýsku²⁰ Hann er sagður fara austur að Kofa, það er hlaðna steinhúsið við ferjustaðinn á Jökulsá skammt neðan brúarinnar sem síðar kom á ána, að sækja prófessor Ansel og drasl hans. Tómas fer með og setur merki á Stóra Svein og Löngu Rauðku. Síðan fer Illugi með Ansel og son hans austur til Grímsstaða á Fjöllum. Þennan sama dag fór dr. Schleusener til Akureyrar að sækja frú sína sem þangað var komin. Um eigin gjörðir síðla þess sama dags skrifar Tómas: „Ég fer ofan í Máskot og hitti þá N. og E. Þeir fögnuðu mér vel og þótti ég vel gjört hafa.“

Þann 4. ágúst fór Tómas ásamt Schleusener og frú í Máskot. Þýsku hjónin héldu þaðan áfram til Mývatns. Föstudaginn 5. ágúst fóru þeir Niemczyk og Emschermann frá Máskoti til Voga. Þá hafði Bernauer brennt sig töluvert á fæti í Hlíðarnámunni.

Dagana 6. og 7. ágúst var farið á bílnum til Grímsstaða um Húsavík og Reykjaheiði og voru þar í för þýsku hjónin og Tómas. Ásbyrgi var skoðaði, ekið yfir brúna á Jökulsá og gisti í tjöldum að Austara-Landi í Öxarfirði. Þaðan var haldið til Grímsstaða með viðkomu hjá Dettifossi. Tómas setti upp merki á Víðirhólsfjallgarði. Mánudaginn 8. var unnið við mælingar en bíllinn bilaði og dagurinn fór að mestu í viðgerð á honum. Daginn eftir var sólskin og unnið við mælingar allan daginn. Miðvikudaginn 10. var veður hið besta að morgni en hvessti að sunnan með moldroki er leið á daginn. „Mælingar á hestum ganga ekki að óskum“ skrifar Tómas. Það má ætla hér hafi verið átt við fjarlægðarmælingar með sjónauka en jarðþyngdarmælirinn hafi ekki verið með í för.

Fimmtudaginn 11. ágúst skráði Tómas þetta: „Gott veður. Haldið til Húsavíkur. Mælingin ekki fullgjörð, enda þýðingarlausa, þar eð palagonítíð virðist ná þangað og jafnvel lengra austur. Bændurnir á Grímsstöðum halda jafnvel að mest allur fjallgarðurinn sé



Íbúðarhús Voga í Mývatnssveit. Hlíðarfjall lengst til vinstri. Þjóðverjarnir höfðu aðstöðu á annarri hæð hússins. Af skuggavarpri heysátanna neðst á gaflinum má ætla að myndin sé tekin að kvöldi.²¹ Ljós.: Tómas Tryggvason



Ljósmynd tekin 6. ágúst 1938 yfir Húsavíkurhöfn/síldarvertíð. Í baksýn sést til Víknafjalla og Ógöngufjalls/Galta/Bakranga til vinstri. Þrjú nöfn á sama fjalli. Ljós.: Tómas Tryggvason

úr palagoníti, t.d. Haugs nibba og Grímsstaðakerling. Líklega byrjar tertiera basaltið ekki fyr en austan við Lagarfljót.“

Daginn eftir var haldið til Voga. Skroppið var að Ystahver í Reykjahverfi og töfðu lélegir vegir svo förina að til áfangastaðar náðist ekki fyrir en um náttmál það kvöldið. Þýsku hjónin fóru þá um nóttina niður í Máskot. Tómas segir Niemczyk orðinn mæddan yfir óstundvísi þeirra Grímsstaðafara og líka lasinn í maga. Hann gaf Tómasi fyrirmæli um að útvega menn og hesta til Gjástykkisfarar. Þann 13. ágúst hafði Tómas samband við Jón Sigurgeirsson á Helluvaði og fékk hann til Gjástykkisfararinnar og Sigfús Vogabóndi bauð leiðsögn til ferðar þangað. Daginn eftir var haldið til Gjástykkis alls 6 manns með 11 hesta. „Undir Sandbotnafjalli heltist þumlungur Gústa á Strönd sökum illrar járningar. Við slepptum honum og báðum hann að skila kveðju til húsbónda síns, Þoka skall á okkur undir Jörundi“ skráir Tómas í dagbók sína. Jón Sigurgeirsson segir þetta gerast á Jörundargrjótum og skeifuna hafi þeir sett aftur undir hestinn. Þeir áðu við eyðibýlið Hlíðarhaga, þar sem þá var gangnamannakofi, skammt frá suðurenda Eilífsvatna. Að Áfanga við vesturenda Eilífsvatna voru þeir komnir undir morgun. Leiðin þangað frá Hlíðarhaga um hluta Giljareitsins hafði verið erfið vegna villu í náttmyrkrinu en gengið þó slysalaust. Í Áfanga voru tjaldbúðir leiðangursins settar upp. Sigfús í Vogum mun hafa haldið heim á leið þá þegar með alla hestana nema gráa meri. Teistu, sem var látin fylgja Gjástykkistförunum til loka þar. Jón fylgdi Sigfúsi nokkurn spöl að Vatnahnúk en hljóp þá þaðan til tjaldbúðanna.²² Þann 15. ágúst var þurrt veður. Leiðangursmenn gengu á Hrutafjöll, hlóðu þar vörðu og settu upp merki þar. Að því loknu göngutúr þvert

yfir Gjástykki. Gjárnar 20-30 og misjafnlega víðar. Veggir að austan og vestan, tveir að austan og einn að vestan. Víða snjór í gjánum og undir veggnum að vestan gott um vatn á einum stað. Næsta dag var varða hlaðin á Eilíf og merkt.

Eilíf segir Tómas brattan og erfiðan uppgöngu. Neðri hluti hans sé úr palagoníti en basalt efst. Næstu daga var unnið við að mæla grunnlínur og snið yfir Gjástykki. Þann 17. ágúst skráir Tómas: „Við mælum prófíla yfir Gjástykki, setjum merki og hlöðum vörður. Múrum 4 nagla niður í hellurnar á línu frá Hrutafjöllum vestur í gegnum Gjástykki.“²³

Veður gerðust leiðangursmönnum örðug þessa dagana og snjóaði svo að allt varð hvítt niður að Eilífsvötnum. Þann 20. var illviðri og Jón Sigurgeirsson fór ofan í Mývatnssveit til að sækja nauðsynlegar vistir fyrir leiðangursmenn. Hann hafði Teistu með sér til flutnings. Til tjaldbúðanna kom Jón aðfararnótt 22. ágúst. Jón gefur niðursoðum mat þeirra þýsku ekki háa einkunn. Það sé að mestu niðursoðið grasamauk og hefði þótt lélegt gangnanesti á Norðurfjöll. Þann 23. ágúst fóru Jón og Niemczyk á Gæsafjöll og höfðu Teistu með sér til flutnings mælitækja o.fl. Hana tjóðruðu þeir austanundir fjöllum og gengu á Jónstind, hæsta topp Gæsafjalla. Hrepptu stórhrið þar og komust með örðuleikum aftur til búðanna með hross og farangur þá um kvöldið.²⁴ Tómas og Emschermann fóru á Eilíf. Þar rofaði til stöku sinnum svo hægt var að ljúka mælingum að mestu. Daginn eftir getur Emschermann lokið mælingunum á Eilíf og nokkuð var síðan mælt í Gjástykki. Bernauer hljóp ofan í Mývatnssveit og pantaði hesta til að sækja hópinn kl. 12 á hádegi daginn eftir þann 25. ágúst.

Þá um morguninn hófu þeir Tómas og Niemczyk heimför sína með viðkomu á Gæsafjöllum og



Varðan á Eilífi með merkispýtnni Það er greinilega ár en Mývetningar gáfu leiðangrinum þær iðulega til merkinga. T.v. við vörðuna stendur líklega Emschermann við theodolitinn (sjónaukann) sem notaður var til hæðar- og fjarlægðarmælinga. Ljós.: Tómas Tryggvason

höfðu Teistu til flutnings svo sem á nauðsynlegum mælibúnaði. Emschermann og Jón Sigurgeirsson biðu heimflutningsmanna og hesta til hádegis. Lýsing Tómasar á þeirri heimför er þessi: „Við N. leggjum gangandi af stað kl. ca 6:30 um morguninn með Gránu (Teistu) í eftirdrag. Í hálfrökkri um kvöldið komum við í Reykjahlíð, göngumóðir en í góðu skapi. Höfðum gengið 45-55 km um daginn. Í Reykjahlíð náðum við í bíl sem flutti okkur í Voga. Um tíuleytið kom Karvaninn norðan frá Eilífsvatni. Var þar með lokið þeirri för að kvöldi hins 12ta dags, og mátti gott heita, svo stirð sem tíðin var.“ Ungur maður Stefán Sigfússon frá Vogum og strákur með honum komu til Áfanga með hesta að sækja menn og farangur. Lokaskrif Jóns eftir Gjástykkisförina eru þessi: “Mér var vel til allra Þjóðverjanna þótt naumt væri skammtað. Það virtist nægja þeim en okkur Tómasi ekki.”²⁵

Þann 28.ágúst kom Bernauer sér fyrir í Péturskirkju, leitarmannaskýli austarlega á Mývatnsöræfum. Þá var merki sett upp í Hrossaborg sem þar er um 5 km austar skammt frá vegamótum slóðans til Herðubreiðar og Öskju við núverandi Þjóðveg. Bernauer setti fram þá kenningu um myndun Hrossaborgar, að hún sé horst og landið umhverfis hafi sokkið en borgin standi eftir uppi. Tómas efast mjög um þá kenningu og telur Hrossaborg hugsanlega vera postglasial sprengigíg. Hann telur sig hins vegar ekki hafa skoðað borgina nægjanlega vel. Hér hefur Tómas þó verið nær hinu rétta enda Hrossaborg nú talin eiga svipaðan uppruna og Hverfjall.²⁶ Síðustu daga ágústmánaðar var mælt á Hlíðarfjalli, Kröflu og víðar þar nærri. Tómas skráir sig finna merkilega steina á Kröflu og tók sýnishorn með sér.

Þann 1. september var mælt á Sveinum og þar um slóðir. Tómas fór yfir til Grímsstaða. Þar hlóð hann

vörður á Grímsstaðakerlingu og víðar og setti merki í þær. Við það vann hann næstu tvo daga. 4.sept. fór Emschermann með Illuga austur á fjöll til að mæla þyngdarmælingapunkta og sækja Tómas.

Mánudaginn 7. sept. skráir Tómas í vinnubók sína. „Bjart veður. Við förum að undanteknum próf. Bernauer, sem er á förum suður á Reykjanes, – austur í Grímsstaði og mælum um leið. Sóttir á ferju yfir Jökulsá og komum hingað skömmu fyrir rökkrið. Búum hjá Benedikt Sigurðssyni í Grímstungu og lízt vel á, höfum alla suðurhlið hússins, þrjú rúmgóð herbergi.“

Ekki var veður hagstætt til mælinga næstu daga. Það var einkum moldrok sem var til trafala. Regn og snjócoma komu þar einnig við sögu enda snjóaði niður undir bæjarhús á Grímsstöðum þann 12. sept. Næstu dagar urðu þó skárri og mælingum lokið á Hólsfjöllum þann 15. sept. með mælingu á Grímsstaðakerlingu. Var þar með lokið öllum mælingum austan Jökulsár.

Daginn eftir var farið með allan farangur að ferjustaðnum við Jökulsá. Þegar allt hafði verið ferjað yfir var Illugi Jónsson þar mættur á vörubifreið sinni og flutti allt fólk og farangur til Voga. Þann 17. sept. voru Vogar kvaddir og haldið til Skóga og ýmsar grunnmælinga endurteknar. Miðvikudaginn 21. september fluttu Þjóðverjarnir frá Skógum til Akureyrar. Ýmislegt var dundað við lokafrágang o.fl. Daginn eftir fékk Tómas laun sín kr 1200 greidd og 100 kr í viðbót til fatakaupa. Síðasta kvöldið á Akureyri kom Eðvald Möller til að taka viðtal við prófessor Niemczyk. Sú grein birtist í Akureyrarblaðinu Íslendingi þann 30. september Við komuna til Reykjavíkur þann 13. júní hafði Niemczyk hitt nokkra fréttamenn og látið þá fá upplýsingar um tilgang rannsóknarinnar. Þær birtust í tveim Reykjavíkurblöðum *Vísi* og *Nýja dagblaðinu* og



Lagt af stað snemma morguns 25. ágúst. Á myndinni er Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði næstur og heldur í taum Teistu. Aftast t.v. mun Tómas standa og Niemczyk t.h.. Ljós.: Tómas Tryggvason

einnig í vesturíslensku blöðunum Heimskringlu og Lögbergi. Allir eru þessir pistlar svipaðir að innihaldi. Miðvikudaginn 28. sept var farið með bíl til Akraness og þaðan með Laxfossi til Reykjavíkur. Í Reykjavík var dvalið á Hótel Borg. Tómas þurfti að huga að mörgu svo sem að afla gjaldeyris fyrir brottförina. Merkri Íslandsdvöl Tómasar var þá lokið og til Íslands kom hann ekki aftur fyrr en sumarið 1946.

HUMBOLDT STYRKURINN OG NÁM Í ÞÝSKALANDI VETURINN 1940-1941

Framhald var þó á samskiptum Tómasar við þýsku vísindamennina og frá því er að nokkru greint í vinnubók B. Þann þátt nefnir Tómas Þýskalandsför 1940. Þar hafði Backlund Uppsalaþrófessor nokkra aðkomu. Þann 2. okt. skráir Tómas eftirfarandi: „Vorið 1940 kom prof. Backlund að máli við mig og spurði mig hvernig mér litist á að fara til Þýskalands ef hægt væri að útvega mér námsstyrk. Mig hafði lengi langað til að dvelja í Þýskalandi og þrátt fyrir stríðið og allt sem því fylgir svaraði ég auðvitað já.“²⁸ Í júlímánuði bárust eyðublöð til umsóknar og styrkveitingin barst um miðjan ágúst. Það var Alexander von Humboldt-Stiftung sem veitti styrkinn. Hann var 150 RM mánaðarlega til eins árs, frá 1. sept. 1940 til 31. ág. 1941. Þýskalandsförin dróst nokkuð en til Berlínar var Tómas kominn að kvöldi annars október. Þar fór Tómas á veitingastað til kvöldverðar sem hann taldi allgóðan en tók sérstaklega fram að þýski bjórinn væri þeim sænska margfalt betri. Að máltíð lokinni fór Tómas til gistingar í herbergi sem hann hafði

útvegað sér. Ferð hans frá Stokkhólmi hafði tekið einn sólarhring. Atburðum dagsins lýsir Tómas með eftirfarandi hætti: „Viðburðir dagsins höfðu ekki verið neitt sérlega merkilegir, og þó er það eiginlega merkilegur viðburður að fara frá landi þar sem friður og velsæld ríkir til stríðandi lands. En merki stríðsins eru ekki eins mikil að sjá í Þýskalandi eins og ætla mætti eftir heils árs stríð. Það sem mest sker í augun eru hermennirnir sem alstaðar mæta auganu.“

Um nóttina vaknaði Tómas við hættumerki. Hann klæddi sig og gekk niður til loftvarnarbyrgis. Þar mætti hann fólki á uppleið enda hafði hann sofð af sér aðvörunarmerkið en vaknað við merkið um að hættan væri liðin hjá. Næstu daga svipaðist Tómas um í Berlín. Tómas heimsótti próf. Niemczyk og skoðaði aðstöðu hans sem Tómasi þótti glæsileg og vel skipulögð. Þar hitti hann einnig dr. Emschermann og Bernauer sem sýndi honum institut sitt stórt og vandað. Þann 4. október hafði Tómas samband við Humboldtstofnunina sem veitti honum styrkinn og skoðaði háskólastofnanir. Um kvöldið fylgdi Bernauer Tómasi til Victors Hoffmanns, sem var mikill Íslandsvinur. Victor hafði ferðast mikið ásamt syni sínum um Ísland og átti mikið af ljósmyndum þaðan og jafnvel nokkrar í lit. Þar hitti Tómas Húsvíkinginn Stefán Bjarnason sem þá vann í Berlín en hafði áður verið við nám í Dresden. Þann 6. okt. hélt Tómas áfram för sinni vestur til Göttingen sem var aðsetur hans í Þýskalandsdvölinni. Tómas fer fögrum orðum um það hversu vel honum var tekið af háskólanum þar sem honum var ætlað að stunda nám sitt. Honum var fylgt um allt umhverfið og fékk lýsingu



Dr. Schleusener teymir klyfjahest með jarðþyngdarmælinn og frú hans ríðandi þar á eftir. Í baksýn t.v. má sjá til húsa á Grímsstöðum.²⁷ Ljós.: Tómas Tryggvason

á þeim reglum sem þar giltu sem voru margbrotnar einkum vegna stríðsins sem þá hafði staðið í rúmt ár. Þýskaland réð þá allri vesturströnd Evrópu frá landamærum Frakklands og Spánar í suðri og Pólland við austurmörk Þýskalands var fallið. Einu óþægindin fólust í árásum enskra sprengiflugvéla.

Aðstaða til rannsókna var fullkomnari en Tómas hafði áður augum litið svo sem til rannsókna bergsýna o.fl. Vinnuherbergi fékk hann til eigin afnota. Tómas fór þá þegar að hlýða á fyrirlestra og fékk þýskan stúdent til aðstoðar við þýskuna en leiðbeindi honum í sænsku í staðinn. Vinnubókarskrifum um Þýskalandsdvölinna lýkur um mánaðamótin nóvember desember og þar hefur eitt blað verið klippt úr bókinni. Í vinnubók A sést hins vegar að Tómas er mættur til Svíþjóðar þann 16. júní 1941. Fram kemur í skrifum Tómasar frá Þýskalandsdvölinni að félagar hans frá sumarrannsókninni 1938 séu að vinna að útgáfu fræðiritsins Spalten auf Island. Sú bók kom úr prentun 1943 og í Náttúrufræðingnum fyrsta tölublaði 1947 er bókarfregn um það rit skrifuð af Tómasi. Hann nefnir að í inngangi ritsins sé bent á kenningu um að orsakir hins virka gosbeltis um miðbik landsins vitni um mikla sigdæld þar en önnur kenning telji að um rishrygg sé að ræða. Hinar nákvæmu þyngdarafismælingar (gravimetermælingar) áttu að gefa vísbendingar um réttmæti þeirra kenninga.

Athyglisvert er að niðurstaða þyngdarafismælinga á austanverðu mælisvæðinu frá Laxá til Jökulsár á Fjöllum sýndu mjög lítil frávik, sem var vísbending um láréttar jarðskorpuhreyfingar en ekki lóðréttar.

Í ritinu „Spalten auf Island“/ vitnar Bernauer

jarðfræðingur til Griggs sem var í bandarískur fræðimanður. Uppdráttur á bls. 58 í ritinu Spalten auf Island og sýnir mögulegt hringstreymi í möttli jarðar. Það er tilgáta um orsakir sprungugliðunar og samþjöppunar (myndun fellingsfjalla). Athyglisvert er að þessi tilgáta Griggs birstist fyrst í prentuðu riti árið 1939 eða ári eftir rannsókn Þjóðverjanna á Íslandi.

HEIMKOMA, ÝMIS VERKEFNI OG ENDURSKOÐUN MÆLIPUNKTA ÞJÓÐVERJANNA

Tómas heimsótti Ísland síðla sumars 1946 ásamt Kerstin Tryggvason sænskri eiginkonu sinni. Þau gengu í hjónaband þann 6. ágúst 1944. Kerstín var fædd 1920 og því 13 árum yngri en Tómas. Hún lauk stúdentsprófi líklega árið 1938 aðeins átján ára. Hún fór ekki í háskólanám en hóf bankastörf í Uppsala. Þar mun hún trúlega hafa unnið til ársins 1945 þegar Þorsteinn elsta barn þeirra Tómasar fæddist.

Árið 1946 var Tómas ráðinn sem jarðfræðingur við Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands og hélt þeirri stöðu til dánardægurs 30. sept. 1965.²⁹ Þau hjónin fluttu til Íslands árið 1948. Kerstín varð ekkja aðeins 45 ára gömul. Þá kom reynsla hennar sem bankastarfsmaður sér vel því hún fékk vinnu hjá Langholtsútibúi Landsbanka Íslands. Þar gegndi hún stöðu gjaldkera og síðar bankafulltrúa til stafsloka.

Vinnubók B notar Tómas við rannsóknir á Íslandi og eru síðustu dagsettu færslurnar skráðar 20. apríl og 13. júlí 1953. Þar á milli lýsir Tómas ástandi þýsku merkjanna allt frá Vaðlaheiði austur til Haugs nibbu.

Sumarið 1952 hafði Tómas fengið Land Rover



Kerstin og Tómas já fornum sjávarhelli við Sigtúna nær miðja veginni milli Uppsala og Stokkhólms. Ekki er vitað hvort myndin er tekin fyrir eða eftir giftingu þeirra en umhverfið forn hells, er frekar jarðfræðilegt. Ljós.: Tómas Tryggvason

fjórhljadrifsbifreið til afnota. Sú var mjög ensk í frágangi með stýrið hægra megin. Á þessari bifreið gat Tómas komist mjög nærri flestum mælipunktunum frá sumrinu 1938.

Í eftirmála minniskrifa Jóns Sigurgeirssonar um dvölinna í Áfanga er fjallað um skoðun á nokkrum þýsku mælipunktanna með nákvæmri tímasetningu. Þar segir í upphafi: Snemma vors 1953 talaði Tómas Tryggvason við mig í síma frá Reykjavík og bað mig að fara upp á Stórahnjúk og vita hvað sæist þar af merkjum eftir þýsku mælingarmennina frá 1938, sem frásögn þessi byggist á. Hann kvað líkur til að þeir kæmu næsta sumar til að endurmæla Gjástykki. Sagði Tómas að fyrirliði þeirra Niemczyk frá Berlín, sem var hátt á sjötugsaldri, treysti á mig og jeppann, að koma þeim á mælingarsvæðið." Jón fór að Stórahnjúk við þriðja mann snemma í maí. Stórihnjúkur er vestasti mælipunktur Þjóðverjanna á austurbrún Hlíðarfjalls um það bil 3 km til norðurs frá Skíðahótelinu. Jón fór síðan á jeppa sínum þann 27. júní frá Akureyri til Reykjahlíðar og gisti í honum. Þeir Tómas, sem þá var þar í hótélherbergi, hittust að morgni og héldu þaðan kl 9:00 í Gjástykkisförina. Á Grjótháls norðan Eilífs voru þeir komnir eftir tveggja klukkustunda för. Þar gátu þeir skoðað allt sem ætlað var og til gististaðar í Reykjahlíð voru þeir komnir eftir það í Grjótagjá á fimmta timanum að morgni þess 29. júní.³⁰ Niemczyk hinn þýski kom ekki til Íslands sumarið 1954 né síðar. Trúlega hefur Tómas sent honum þær upplýsingar sem skráðar eru í vinnubók B.

Árið 1964 var svo komið að tilfærsla meginlanda og gliðnun um svonefnda úthafshryggi var almennt viðurkennd. Þá þóttu mælingar þýsku vísindamannanna merkt framlag á því sviði. Síðsumars

1964 kom dr. Schleusener, sem var þá einn eftirlifandi þýsku vísindamannanna, ásamt hópi ungra fræðinga frá Þýskalandi og Austurríki til Íslands.³¹ Þeir nutu aðstoðar Tómasar við könnun á merkjapunktunum fyrir norðan og einnig skoðuðu þeir sprungukerfi Þingvallasvæðisins. Haraldur Óskar, sonur Tómasar, var þeim þýsku til aðstoðar sem bílstjóri á austanverðu norðursvæðinu.³²

Alfred Lothar Wegener setti formlega fram landrekskenningu sína árið 1912. Hann lést síðan í Grænlandsleiðangri í nóvember 1930, þá 50 ára gamall. Landrekskenningunni var hafnað af fræðingum þess tíma þar sem trúleg skýring á aflgjafa landreksins fannst ekki. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratug 20. aldar sem hún eða hin afleidda flekakenning varð almennt viðurkennd. Um þetta má lesa í ritgerðum eftir Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðing, Ný heimsmynd jarðfræðinnar, í Náttúrufræðingnum 48.árg. 3-4 hefti) 1978 og þá Sigurð Þórarinsson og Sigurð Steinþórsson í 51. árgangi Náttúrufræðingsins 1.- 2. hefti 1981. Greinar þeirra nafnanna voru ritaðar m.a. í tilefni þess að 100 ár voru þá liðin frá fæðingu Alfreds Wegeners, höfundar landrekskenningarinnar.

Hér áður nefnd tilgáta Bernauers um mögulega gliðnun á Gjástykkissvæðinu vegna staumhreyfingar í möttli jarðar kom þá til álita. Spurningunni hvort um stöðugar eða tímabundnar stökkbreytingar væri að ræða var þó ekki svarað. Ef Tómas hefði lifað 12 árum lengur og náð 70 ára aldri hefði hann séð þessa gliðnun raungerast á því svæði samkvæmt síðari möguleikanum.

ÞAKKIR

Jarðfræðingarnir Jón Eiríksson og Oddur Sigurðsson lásu þessa grein yfir og komu með margar gagnlegar athugasemdir. Rétt er að nefna nefna tvær heimildir sem nýttust höfundi vel við samningu þessarar greinar. Þær eru bókin Úr bréfum Guðmundar Kjartanssonar til Krístrúnar Steindórsdóttur 1933–1971 útgefin 2010 af Solveigu Guðmundsdóttur og óprentaðir minnispunktar Jóns Sigurgeirssonar frá Helluvaði sem sonur hans, Geirfinnur jarðeðlisfræðingur, útvegaði höfundi. Hafi þau og öll sem veittu aðstoð bestu þökk fyrir.

HEIMILDIR

1. Þorleifur Einarsson 1967. Tómas Tryggvason jarðfræðingur. Minningarorð og ritskrá. Náttúrufræðingurinn 36 (3.) bls.96-108.
2. Þí / (Þjóðskjalasafn Íslands): Tómas Tryggvason. Skjalasafn, ljósmynd
3. Þí: Tómas Tr. skjalasafn Jól Tómasson, bréf dags. 20.10.1922.
4. Hérþing / (Héraðsskjalasafn Þingeyinga á Húsavík): Sigurdrífa Tryggvadóttir. Skjalasafn, bréf dags. 22.03.1923 til Maríu móður Tómasar.
5. Arnór Sigurjónsson 1929. Ársrit Nemendasambands Laugaskóla 3. bls. 143-144
6. Hérþing: Tryggvi Valdimarsson. Skjalasafn, fylgiskjöl búrekstrar.
7. Þí: Tómas Tr. Skjalasafn, Arnór Sigurjónsson, bréf dags.19.02.1930.
8. Tómas Tryggvason, og Arnór Sigurjónsson 1929, „Fljótshéiði.“ Ársrit Nemendasambands Laugaskóla, 4. bls. 3-15.
9. Þorsteinn Tómasson: Munnlegar upplýsingar.
10. Sigrún Helgadóttir 2021: Sigurður Þórarinnsson, Mynd af manni, bls. 135.
11. Hérþing: Sigurdrífa Tryggvadóttir. Skjalasafn, bréf T.Tr. til foreldra dags.02.10.1835
12. Solveig Guðmundsdóttir 2010: Úr bréfum Guðmundar Kjartanssonar til Krístrúnar Steindórsdóttur 1933 – 1971, bls. 41-44.
13. Landsbókasafn einkaskjöl: Skúli Guðmundsson. Skjalasafn, bréf frá Páli Guðmundssyni í Engidal dags. 31.10. 1935.
14. Solveig Guðmundsdóttir 2010: Úr bréfum Guðmundar Kjartanssonar til Krístrúnar Steindórsdóttur 1933 – 1971, bls. 45-46.
15. Þí: Tómas Tr. Skjalasafn, Guðmundur Kjartansson bréf dags.13.03.1937
16. Þí: Tómas Tr. Skjalasafn, vinnubók A. Sú bók margfoft nýtt í framhaldi-nu en ekki getið aftur í heimildaskrá.
17. Björn Hróarsson 1992. Ferðafélag Íslands Árbók / Norðan byggða milli Eyjafjarðar og Skjálfaða bls. 30.
18. Guðmundur Kjartansson 1943: Jarðsaga. – Árnesinga saga bls. 1-250. Sjá einnig Guðmundur Kjartansson 1966. Náttúrufræðingurinn 36(1-2) / Stapakenningin og Surtsey bls.1- 34.
19. Hérþing: Jónas Baldursson. Lundarbrekku. Skjalasafn, dagbók A, 12. júní 1934
20. Jón Árni Sigfússon Víkurnesi (Vogum): Munnlegar upplýsingar.
21. Jón Árni Sigfússon Víkurnesi (Vogum): Munnlegar upplýsingar.
22. Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði: Óbirt handrit fengið hjá Geirfinni syni hans.
23. Oskar Niemczyk o.fl. Stuttgart 1943. Spalten auf Island: teikning á bls.39.
24. Jón S. frá Helluvaði: Óbirt handrit
25. Jón S. frá Helluvaði: Óbirt handrit
26. Jón Gauti Jónsson 2006: Ferðafélag Íslands árbók /Mývatnssveit með kostum og kynjum bls. 192.
27. Bragi Benediktsson Grímsstöðum: Munnlegar upplýsingar..
28. Þí :Tómas Tr. skjasafn, vinnubók B. Hún hefst með þessum skrifum og bls.1-28 eru númeraðar. Þar er sagt frá Þýskalandsdvöl Tómasar. Síðan er bókin einkum notuð í sumarferðum á Íslandi og hefst á Húsavík 8. Júlí 1947.
29. Þorleifur Einarsson: Náttúrufræðingurinn 36 árg. 3. hefti1966 bls.106-107.
30. Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði: Óbirt handrit.
31. Dagblaðið Vísir 10.11. 1964.
32. Þorsteinn og Haraldur ÓskarTómassynir: Munnlegar upplýsingar

UM HÖFUND

Björn Pálsson (f. 1942) lauk BA prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1973. Hann var kennari við Gagnfræðiskólann í Hveragerði árin 1974-1981 og Fjölbrautaskóla Suðurlands árin 1981-1985. Árin 1985–1990 var hann skrifstofustjóri Búnaðarbankans í Hveragerði og síðan héraðsskjalavörður við Héraðsskjalasafn Árnesinga á Selfossi frá 1990 til starfsloka árið 2009.

